

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 24. mars 2020
UST202003-469/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 - Dynskálar

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 20. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra og breytingar á deiliskipulagi athafnasvæðis AT3 á Hellu.


Í greinargerð kemur fram að aðalskipulagsbreytingin gengur út á að athafnasvæðið AT3 er stækkað um u.þ.b. 1 ha verður 3,5 ha í stað 2,5 ha og minnkar því óbyggt svæði sem því nemur. Auk þess kemur fram að deiliskipulagsbreytingin gengur út á að lóðum er fjölgað úr 6 í allt að 12.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur